



Atvinnuvegaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2025

## Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök ferðaþjónustunnar og Samorka hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á samkeppnislögum, mál nr. s-215/2025, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 24. október sl. Helstu breytingar varða ákvæði um samrunaeftirlit, þ.m.t. fjárhæðir og eðli samrunagjalds og veltumarka tilkynningarskyldra samruna, og rannsóknarheimildir Samkeppniseftirlitsins.

Samtökin [skiluðu umsögn](#) um áform sama efnis í samráðsgátt 19. september sl. Samtökin leggja áherslu á að fyrirhugaðar breytingar á samkeppnislögum séu þannig útfærðar að þær leiði í reynd til aukins gagnsæis og fyrirsjáanleika fyrir samrunaaðila og skýrleika í verklagsreglum. Samtökin ítreka að einfaldar og skýrar samkeppnisreglur skipta sköpum fyrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja og bæta þannig hagsmuni neytenda.

Áður en lengra er haldið vilja samtökin benda á að núgildandi samkeppnislöggjöf er óþarflega íþyngjandi og eftirlit hefur verið ófyrirsjáanlegt í framkvæmd. Slíkt hefur hamlandi áhrif á eðlilegan vöxt og fjárfestingu í hagkerfinu og dregur úr hagræðingartækifærum fyrirtækja. Á Íslandi eru veltumörk tilkynningarskyldra samruna mun lægri en á hinum Norðurlöndunum, mun herra hlutfall samrunamála fer í fasa II hjá Samkeppniseftirlitinu en annarsstaðar og um fimmfalt fleiri málum lýkur með íhlutun á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd<sup>1</sup>. Það er því ekkert í framkvæmd samkeppnislaga sem bendir til nauðsyn þess að Samkeppniseftirlitinu séu veittar víðtækari valdheimildir heldur eru þvert á móti tækifæri til einföldunar og bættrar skilvirkni.

### Heimild til að stöðva tímafresti

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna nýtt ákvæði sem kveður á um heimild Samkeppniseftirlitsins, í undantekningartilvikum, til að stöðva tímafresti samkvæmt 1. mgr. 17. gr. d<sup>2</sup> til rannsóknar samruna vegna atvika sem eru á ábyrgð samrunaaðila og tefja rannsókn, svo sem vegna

<sup>1</sup> Á árunum 2015-2023. Úr greiningu Viðskiptaráðs Íslands: Á hlykkóttum vegi, samrunaeftirlit á Íslandi.

<sup>2</sup> Ákvæðið hljóðar svo: Samkeppniseftirlitið skal innan 25 virkra daga tilkynna þeim aðila sem sent hefur stofnuninni fullnægjandi samrunatilkynningu ef hún telur ástæður til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samruna. Berist tilkynning frá Samkeppniseftirlitinu skv. 1. málsl. ekki innan tilskilins frests getur Samkeppniseftirlitið ekki ógilt samrunann. Ákvörðun um ógildingu samruna skal taka eigi síðar en 90 virkum dögum eftir að tilkynning skv. 1. málsl. hefur verið send þeim aðila sem tilkynnti um samruna. Setji samrunaaðilar, sem óska eftir sáttaviðræðum við Samkeppniseftirlitið, fram möguleg skilyrði vegna samrunans á 55. virka degi rannsóknar eftir að tilkynning skv. 1. málsl. var send þeim aðila sem tilkynnti um samruna, eða síðar, framlengist frestur til rannsóknar samrunans sjálfkrafa um 15 virka daga. Óski samrunaaðilar þess er Samkeppniseftirlitinu heimilt að framlengja framangreinda fresti til rannsóknar samruna um allt að 20 virka daga.



tafsamrar, villandi eða rangrar upplýsingagjafar. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er bæði innan Evrópusambandsins og á Norðurlöndunum að finna reglur í samkeppnislöggjöf sem heimila stöðvun tímafresta og er þá um að ræða undantekningarákvæði sem ber að túlka þröngt og beita m.t.t. meginreglu um meðalhóf. Samtökin benda á að umrædd ákvæði, t.d. í Danmörku og Noregi, eru töluvert þrengri en sú heimild sem fram kemur í fyrirbyggjandi frumvarpi. Ef að rökstyðja á tilkomu þessarar heimildar í íslensk samkeppnislög þannig að sambærilega heimild sé að finna í löggjöf annarra Norðurlanda er að mati samtakanna algjört lágmark að íslenska heimildin sé þá í reynd sambærileg umræddum heimildum Norðurlandanna, en ekki mun opnari og óskýrari eins og raun ber vitni.

Líkt og áður segir er fyrirhuguð lögfesting ákvæðis um heimild til stöðvunar tímafresta aðallega rökstudd með vísan til löggjafar nágrannaríkja okkar og Evrópuréttar. Samtökin telja eðlilegt þegar lögfest eru íþyngjandi lagaákvæði að þau komi til vegna þess að fyrir hendi sé brýn þörf á slíku ákvæði, ekki einungis á þeim forsendum að sambærileg ákvæði séu í löggjöf nágrannaríkja okkar. Samtökin telja að hvorki hafi með fullnægjandi hætti verið sýnt fram á þörf fyrir heimild til að stöðva tímafresti, né bendi framkvæmd eftirlits til þess að þörf sé á slíku ákvæði. Samtökin telja óæskilegt að stjórnvöldum séu veittar íþyngjandi lagaheimildir til inngrípa í starfsemi fyrirtækja án þess að fyrir slíkum heimildum sé vel ígrunduð og rökstudd þörf. Í öllu falli ættu slíkar heimildir þá ekki að ganga lengra en í samanburðarlöndum þar sem heimildir til stöðvunar tímafresta snúa að heimildum samkeppnisyfirvalda til að stöðva tímafresti þegar gefin hefur verið skriflegur tímafrestur fyrir upplýsingagjöf sem fyrirtæki hefur ekki mætt.

Samtökin vilja undirstrika mikilvægi þess að allar breytingar á valdheimildum Samkeppniseftirlitsins séu þannig úr garði gerðar að markmiði þeirra verði náð. Hætt er við að auknar vald- og rannsóknarheimildir Samkeppniseftirlitsins muni annars leiða til þess að ferli sem nú þegar er þungt í vöfum verði enn tafsamra og þungbærara fyrir fyrirtæki.

Samtökin telja því nauðsynlegt ef á annað borð eigi að lögfesta ákvæði um heimild til stöðvunar tímafresta, að gerðar verði breytingar á útfærslu ákvæðisins til að tryggja skýran ramma um beitingu þess. Tilkoma ákvæðisins má enda ekki leiða til þess að Samkeppniseftirlitið geti kallað eftir gögnum frá fyrirtækjum án þess að markmið og tilgangur slíkrar gagnabeiðni sé skýr og afmarkaður. Ákvæðið má þannig ekki leiða til þess að málsaðili sé tilneyddur til að bregðast við óhóflegum eða óskýrum gagnabeiðnum af ótta við að tímafrestir verði stöðvaðir.

Í þessu samhengi benda samtökin á leiðbeiningar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um samrunamál þar sem nánar er útskýrt við hvaða aðstæður heimilt sé að grípa til stöðvunar á tímafrestum, en henni skal aðeins beita þegar nauðsynleg gögn liggja ekki fyrir eða þegar samrunaaðilar óska sjálfir eftir framlengingu á fresti. Af umræddum leiðbeiningum má sjá að með nauðsynlegum upplýsingum sé aðeins átt við upplýsingar sem eru lykilforsenda mats á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Þá eiga samrunaaðilar rétt á rökstuðningi fyrir beitingu heimildarinnar.

Samtökin leggjast gegn lögfestingu ákvæðisins en leggja að öðrum kosti til að umrætt ákvæði verði afmarkað betur þannig að heimildin eigi aðeins við þegar:



- Nauðsynlegar upplýsingar, sem eru lykilforsenda mats á samkeppnislegum áhrifum samruna, skortir,
- að til stöðvunar tímafresta geti aldrei komið nema Samkeppniseftirlitið hafi gefið skýran og skriflegan tímafrest til upplýsingagjafar sem fyrirtæki hefur ekki orðið við,
- og að gerð verði krafa um rökstuðning af hálfu Samkeppniseftirlitsins fyrir beitingu heimildarinnar.


## Breytingar á fjárhæð veltumarka og samrunagjaldi

Samtökin fagna viðleitni stjórnvalda til að hækka fjárhæð veltumarka tilkynningarskyldra samruna og telja þá hækkun sem lögð er til í frumvarpsdrögum vera gott fyrsta skref. Samtökin telja það jafnframt vera til bóta ef veltumörkin verða tengd við vísitölu svo að veltumörk vegna mögulegra samruna dragist ekki ítrekað úr annarri verðlagsþróun. Samtökin telja þetta vera jákvætt fyrsta skref en hvetja stjórnvöld þó til þess að ganga enn lengra svo að ákvæði um tilkynningarskylda samruna séu í meira samræmi við það sem þekktist í samanburðarlöndum okkar þar sem veltumörkin eru hærri og íhlutanir mun færri<sup>3</sup>. Samtökin telja að fyrirliggjandi heimild Samkeppniseftirlitsins til að kalla eftir tilkynningu um smærri samruna telji það líkur á að hann geti raskað samkeppni, ætti að veita fullnægjandi öryggisnet komi til frekari hækkunar á veltumörkum. Í þessu samhengi hvetja samtökin til þess að reglur um umrædda kallheimild verði afmarkaðar betur í lögnum, t.d. með tilliti til sambærilegra ákvæða í danskri löggjöf.



### Veltumörk tilkynningarskyldra samruna

Í milljörðum króna



Heimildir: OECD, samkeppnislöggjöf á Norðurlöndunum, Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins

<sup>3</sup> Samkeppniseftirlitið beitir íhlutunum í meira mæli en systurstofnanir á hinum Norðurlöndunum og umtalsvert herra hlutfall samrunamála er tekið til nánari rannsóknar hér á landi eftir 25 virka daga.



Fjárhæð veltumarka í íslenskum lögum má ekki koma í veg fyrir eðlilega hagræðingu í rekstri fyrirtækja og möguleika þeirra til sameiningar til að mæta samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum, eða breyttum efnahagsaðstæðum. Mikilvægt er að samkeppnisreglur og -eftirlit taki tillit til jákvæðra efnahagslegra áhrifa af aukinni stærðarhagkvæmni fyrirtækja sem leiðir til lægra verðs og betri þjónustu fyrir neytendur.

Þá vilja samtökin hvetja til þess að áform um hækkað samrunagjald verði endurskoðuð m.t.t. að hækkan fjárhæðar veltumarka er til þess fallin að fækka samrunamálum sem koma á borð Samkeppniseftirlitsins. Það skýtur því skökku við að samrunagjald verði hækkað samhliða breytingum sem eiga að minnka álag á stofnunina. Sé álag á stofnuninni slíkt að hún geti ekki sinnt fullnægjandi eftirliti án hærri samrunagjalda væri nær í lagi að hækka enn frekar veltumörk tilkynningarskyldra samruna sbr. umfjöllun hér að ofan.

## Heimild til húsleitar

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til nýtt ákvæði sem bætast á við 20. gr. laganna og felur í sér heimild til athugana utan starfsstöðva, svo sem á heimili stjórnenda eða lykilstarfsmanna, þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að gögn sem varpað geta ljósi á ólögmetna háttsemi samkvæmt samkeppnislögum sé að finna utan starfsstöðvar fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja.

Í greinargerð með frumvarpinu er fyrirhuguð breyting á heimild 20. gr. m.a. rökstudd þannig að Samkeppniseftirlitið njóti veikari rannsóknarheimilda en samkeppnisyfirvöld í öðrum EES-ríkjum. Samtökin telja rétt að benda á að umrædd heimild til húsleitar á heimilum borgara hefur hlotið gagnrýni og er slík heimild víðast hvar skýrt afmörkuð og ekki jafn opin og lagt er til í fyrirbyggjandi frumvarpi. Má t.a.m. benda á 18. gr. a dönsku samkeppnislaganna sem fjallar um heimild til húsleitar utan starfsstöðvar þegar um er að ræða brot gegn nánar tilgreindum ákvæðum laganna, n.t.t. banni gegn ólögmetum samkeppnishömlum sbr. 6. gr. dönsku laganna og misnotkun á markaðsráðandi stöðu sbr. 11. gr. laganna. Samtökin ítreka að ekkert í umfjöllun í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi bendir til þess að þörf sé á heimild til húsleitar utan starfsstöðva, hvað þá að slík heimild sé víðtækari en sambærilegar heimildir á Norðurlöndunum eða í Evrópusambandinu. Ef ákvæðinu er ekki ætlað að ganga lengra ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að það sé þá tilgreint sérstaklega líkt og gert er í t.d. dönsku lögnum og tilskipun (ESB) 2019/1.

Samtökin telja ekki tímabært að lögfesta ákvæði um heimild til húsleitar utan starfsstöðvar, enda hefur ekki verið sýnt fram á þörf fyrir slíku ákvæði. Að öðrum kosti telja samtökin þurfa að gera þá lágmarkskröfu til stjórnvalda og löggjafans að fyrirhuguð leitarheimild utan starfsstöðvar verði skýrt takmörkuð við tiltekin brot gegn samkeppnislögum m.t.t. þess að um er að ræða stjórnarskrárvarin mannréttindi starfsfólks fyrirtækja sem sæta rannsókn. Þá ber einnig að hafa í huga að í framkvæmd hefur núgildandi ákvæði 20. gr. verið talið ná til persónulegra gagna sem starfsmenn geyma á vinnustað sbr. t.d. *Hrd. 2002, bls. 1639 (177/2002)* þar sem fram kom að hafi starfsmaður hlutaðeigandi fyrirtækis varðveitt persónuleg gögn í tækjabúnaði í eigu fyrirtækisins bæri hann sjálfur áhættu af því að þau kæmust í hendur annarra vegna lögmetra aðgerða handhafa opinbers valds. Samtökin gjalda varhug við hvort að kröfur um meðalhóf sé uppfylltar ef að fyrirhuguð lagabreyting getur leitt til þess að stjórnvald megi leggja hald á persónuleg gögn á heimilum starfsfólks án þess að þurfa að sýna fram á mikilvægi slíkra gagna við úrlausn mála.



Samtökin telja mikilvægt að gerðar séu ríkar kröfur til löggjafans þegar hann setur reglur sem geta falið í sér verulegt inngríp í friðhelgi heimilis og einkalífs almennra borgara. Það skiptir því miklu máli að heimild Samkeppniseftirlitsins til leitar og haldlagningar á heimilum stjórnenda og lykilstarfsmanna sé skýr og afmörkuð við gögn sem eru þess eðlis að þau geti haft þýðingu við úrlausn málsins. Það sé enda mikilvægt að ákvæðið sé ekki svo rúmt að í framkvæmd geti því verið beitt þannig að hald sé lagt á gögn á heimilum starfsmanna án þess að samkeppnisyfirvöld hafi á annað borð kynnt sér efni þeirra vegna hvers konar brota gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Í 2. mgr. 20. gr. samkeppnislaga er kveðið á um að framkvæmd aðgerða samkvæmt 1. mgr. sé í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum. Sakamálalögin gera almennt kröfu um dómsúrskurð fyrir húsleit með nokkrum undantekningum. Sakamálalögin gera þó ekki kröfu um dómsúrskurð í tilviki haldlagningar. Samtökin leggja til að ákvæðinu verði breytt þannig að allur vafi sé tekinn af um nauðsyn þess að fyrir liggi úrskurður dómara um heimild til húsleitar og haldlagningar skv. ákvæðinu.

Þá telja samtökin einnig mikilvægt að við 20. gr. bætist jafnframt ákvæði um rétt aðila til að fá upplýsingar um ástæðu og markmið leitar samkvæmt ákvæðinu án tafar, hvenær leit skuli fara fram og hvaða heimildir Samkeppniseftirlitið hefur við leitina. Þá telja samtökin einnig rétt að í 20. gr. sé tilgreind heimild aðila til að hafa lögmann viðstaddan húsleit og að fyrirtækjum sé heimilt að bera lögmati aðgerða samkvæmt greininni undir dómstóla þrátt fyrir að hún sé yfirstaðin. Að sama skapi er rétt að aðili eða lögmaður hans fái að vera viðstaddur rannsókn á gögnum sem lagt hefur verið hald á.

Samtökin telja einnig mikilvægt að við lögina bætist nýtt ákvæði sem kveði á um skyldur Samkeppniseftirlitsins vegna meðferðar og vörslu gagna sem lagt er hald á við rannsókn samkeppnismála. Er hægt að líta til ákvæða á hinum Norðurlöndunum hvað þetta varðar. Þá verði skýrt kveðið á um heimild aðila til að fá afrit af öllum gögnum sem yfirvöld hafa lagt hald á og að Samkeppniseftirlitinu verði ekki heimilt að leggja hald á frumrit gagna nema sýnt sé fram á að það hafi áhrif á þýðingu gagnsins við rannsókn málsins. Að lokum leggja samtökin til að skerpt verði á skilgreiningu á hugtakinu „lykilstarfsmanni“ í greinargerð með frumvarpinu, s.s. hverjir gætu fallið þar undir og við hvaða aðstæður.

Samtökin leggjast gegn lögfestingu ákvæðis um heimild til húsleitar utan starfsstöðva. Að öðrum kosti, og að öllu framangreindu virtu, telja samtökin nauðsynlegt að fyrirbyggjandi ákvæði 5. gr. frumvarpsins, sem getur falið í sér íþyngjandi inngríp í einkalíf fólks, verði ekki að lögum án þess að gripið sé til viðeigandi og fullnægjandi ráðstafana til að tryggja réttindi einstaklinga við framkvæmd slíkra inngrípa. Samtökin ítreka það sem áður sagði að þegar lögfest eru lagaákvæði sem eru íþyngjandi fyrir starfsfólk og fyrirtæki þurfi að vera til staðar brýn þörf á slíku ákvæði. Samtökin telja þannig óæskilegt að lögfest sé ákvæði sem getur takmarkað verulega rétt almennra borgara til friðhelgis einkalífs á þeim forsendum að sambærileg ákvæði sé að finna í löggjöf nágrannaríkja okkar. Í þessu sambengi telja samtökin að ekki hafi með fullnægjandi hætti verið sýnt fram á þörf fyrir heimild til húsleitar utan starfsstöðvar eða hvernig skortur á slíkri heimild hafi haft hamlandi áhrif á starfsemi eftirlitsins, sem þegar grípur oftast til íhlutunar en tíðkast í nágrannaríkjum okkar. Í öllu falli er ekkert í framkvæmd íslenskra samkeppnislaga sem réttlætir það að íslenskt ákvæði um húsleit utan starfsstöðva sé víðtækara en annarsstaðar.



Að lokum vilja samtökin gera sérstaklega athugasemd við það sem fram kemur í greinargerð um heimild til húsleitir utan starfsstöðvar: „Þá má benda á að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1 um samræmingu og eflingu valdheimilda samkeppnisyfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu (ECN+ tilskipunin) leggur þá skyldu á aðildarríki að þau tryggji samkeppniyfirvöldum heimildir til að framkvæma húsleitir þar sem gögn getur verið að finna, þ.m.t. á heimilum stjórnenda fyrirtækja. Tilskipunin er EES-tæk og unnið er að upptöku hennar í EES-samninginn. Því er fyrirsjáanlegt að innan tíðar verði nauðsynlegt, vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum, að útvíkka rannsóknarheimildir vegna samkeppnismála að þessu leyti.“ Samtökin hafa ítrekað talað um skaðsemi gullhúðunar á EES-reglum og biðla enn á ný til stjórnvalda að setja ekki óþarflega íþyngjandi reglur á íslensk fyrirtæki sem evrópsk fyrirtæki búa ekki við. Umrædd tilskipun hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn og umrætt ákvæði tilskipunarinnar gengur mun skemur en fyrirbyggjandi ákvæði í frumvarpinu. Er því um að ræða gullhúðun bæði að efninu til og m.t.t. að verið sé að innleiða reglur fyrir en nauðsyn ber til.

## Endurskoðun samkeppnislaga

Samtökin ítreka að hagsmunir atvinnulífsins felast fyrst og fremst í fyrirsjáanlegu rekstrar- og lagaumhverfi. Skýrar leikreglur sem ekki eru of íþyngjandi auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja sem skapar aukna hagsæld fyrir neytendur. Samtökin hafa lengi talað fyrir því að samkeppnisreglur á Íslandi verði teknar til endurskoðunar og telja fyrirbyggjandi drög kjörið tilefni til að hvetja til heildarendurskoðunar á efnisákvæðum samkeppnislaga með aukna skilvirkni og gagnsæi í þágu atvinnulífsins að leiðarljósi. Mikilvægt er að tryggja að samkeppnisreglur hér á landi séu ekki meira íþyngjandi en víðast hvar í Evrópu.

Í því samhengi leggja samtökin áherslu á gagngera heildarendurskoðun á samkeppnislögum með virku samráði við atvinnulífið um æskilegt fyrirkomulag löggjafar um samkeppnismál til framtíðar. Samtökin benda á, í ljósi ítrekaðra tilvísana til löggjafar annarra ríkja í greinargerð, að íslensk samkeppnislög hafa að geyma ákvæði sem ekki fyrirfinnast í nágrannaríkjum okkar. Ef ætlunin er að samræma samkeppnislöggjöfina frekar við löggjöf hinna Norðurlandanna er eðlilegt að fella um leið út óþarflega íþyngjandi og séríslenskar heimildir í núgildandi samkeppnislögum.

Á meðal þeirra breytinga sem samtökin hafa áður talað fyrir eru:

- Sameining Samkeppniseftirlitsins og Neytendastofu.
- Brottfall ákvæðis um heimild Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar án brots.
  - Umrædd heimild veitir Samkeppniseftirlitinu víðtækari heimildir en framkvæmdastjórn ESB, EFTA og norsk samkeppnisyfirvöld.
- Brottfall ákvæðis um málskotsrétt Samkeppniseftirlitsins á úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla.
  - Það er óeðlilegt að fyrirtæki þurfi að setja fjármuni og tíma í rekstur dómsmáls þrátt fyrir að hafa fengið endanlega niðurstöðu í máli sínu á stjórnsýslustigi sem var þeim hafgæll.
- Hækkun heildarveltumarka fyrirtækja vegna heimildar Samkeppniseftirlitsins til að hafa afskipti af samruna, þó svo að hann nái ekki veltumörkum laganna, og lögfesting tímabrests við beitingu ákvæðisins.



- Kröfur vegna heimildar Samkeppniseftirlitsins til húsleitar og haldlagningar gagna verði gerðar strangari og ítarlegri.
- Breytingar á ákvæðum laganna til að flýta allri málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.
- Lögfesta skyldu Samkeppniseftirlitsins til að veita haldbærar og skýrar upplýsingar til málsaðila.
- Heimild til að kalla eftir samrunatilkynningu.
  - Mikilvægt er að skýra framkvæmd ákvæðisins og lögfesta tímaramma og afmörkun utan um heimildina til að koma í veg fyrir óþarfa réttaróvissu fyrir fyrirtæki. Hægt er að líta til útfærslunnar í dönsku samkeppnislögunum.
- Stjórnvöld fái óháðan aðila til að meta ávinning af fyrirkomulagi gildandi samkeppnisreglna á Íslandi, meðal annars m.t.t. hvort að fyrirkomulag samkeppnisreglna og -eftirlits sé það lýjandi að fyrirtæki veigri sér við að ráðast í lögmætar og hagkvæmar sameiningar. Í því samhengi er einnig rétt að kanna hvort þjóðhagslegt tap eða ávinningur hafi hlotist af íhlutun eða athafnaleysi Samkeppniseftirlitsins sem alla jafna myndi ekki tíðkast í samanburðarlöndum okkar.

Þar að auki vilja samtökin einnig nýta tækifærið til að koma eftirfarandi á framfæri:

- Ekkert stjórnvald hefur eftirlit með eftirfylgni laga um opinber innkaup og er markaðnum því falið eftirlit í formi kæra til kærunefndar útboðsmála. Skilvirk innkaup skila ávinningi og hagræði fyrir hið opinbera og samfélagið í heild sinni. Í því skyni þarf að tryggja að innan stjórnkerfisins sé aðili til þess bær að hafa eftirlit með opinberum kaupendum líkt og hjá nágrannaríkjum. Í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku hefur samkeppniseftirlitinu verið falið sérstakt hlutverk í tengslum við framkvæmd opinberra innkaupa, þ.m.t. með því að gefa út leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd útboðsreglna.
- Með breytingu á lögum um opinber innkaup nr. 64/2024 var kærunefnd útboðsmála settar þrengri skorður við málsmeðferð sína en áður. Samtökin telja nauðsynlegt að tryggja eðlilegt mótvægi við breytingarnar með lögfestingu eftirlits með framkvæmd laganna sem gæti verið á verksviði Samkeppniseftirlitsins.

Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin til frekara samráðs og samtals vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

### Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins



SAMORKA



Samtök fyrirtækja  
í sjávarútvegi

SI Samtök  
iðnaðarins

f.h. Samtaka ferðabjónustunnar

f.h. Samorku

Heiðmar Guðmundsson

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi